

Starfsgreinaráð	Heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreinar
Starfsheiti	Heilsunuddari
Dagsetning	1. júní 2021
Útgáfunúmer	1.0

**Starfalýsing:**

Helstu verkefni heilsunuddara er að veita nuddmeðferð og stuðla þannig að vellíðan, slökun og heilbrigðu lífi. Heilsunuddarar vinna að betri heilsu og bættum lífsgæðum fólks á öllum æviskeiðum. Þeir hafa heilðræna sýn, greina vandamál og beita fjölbreyttum aðferðum við mat á ástandi fólks sem til þeirra leitar. Þeir leiðbeina um forvarnir og rétta líkamsbeitingu og velja viðeigandi meðferð í samráði við einstaklinginn sjálfan og/eða annað fagfólk. Heilsunuddarar veita nuddmeðferð sem styður við aðra meðhöndlun sem skjólstæðingar fá. Starf heilsunuddara er fjölbreytt og fer fram á fjölbreyttum vinnustöðum. Heilsunuddarar starfa bæði sjálfstætt og sem launþegar. Heilsunuddarar skrá upplýsingar um mat á vandamálum skjólstæðinga og meðferð sem þeir veita af fagmennsku, og samkvæmt viðurkenndum verklagsreglum.

**Hæfnikröfur:**

Býr yfir almennri og sértækri þekkingu og hæfni til þess að nudda aðra til heilsubótar og vellíðanar.

Beitir fjölbreyttri nuddtækni sem miðar að því að meðhöndla verki og stoðkerfisvandamál, veita slökun og efla heilbrigði skjólstæðinga.

Metur heilbrigðisástand einstaklinga að vissu marki og skráir heilsufarsupplýsingar samkvæmt viðurkenndum verklagsreglum.

Leiðbeinir skjólstæðingum sínum um heilbrigðan lífsstíl og veitir fyrirbyggjandi ráðgjöf til heilsueflingar.

Vinnur sjálfstætt, sýnir frumkvæði og forgangsraðar verkefnum eftir því sem við á.

Vinnur eftir gæðaviðmiðum, þekkir vinnuvernd og öryggisferla á vinnustað og veitir skyndihjálp ef slys eða óhapp ber að höndum.

Þekkir og fylgir lögum og reglugerðum um starfið og fylgir þeim í daglegu starfi

Gætir trúnaðar og sýnir samskiptahæfni og siðferðisvitund í störfum sínum.

Er fær um að eiga og reka eigin nuddstofu í samræmi við lög og reglugerðir sem um þær gilda.

Ber ábyrgð á eigin starfsþróun, tileinkar sér nýjungar og hagnýtir þá þekkingu í starfi.

Þekkir leiðir til sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir vistvænum viðmiðum í starfi og við efnisval.